



Ef þú finnur sama flug á lægra verði (með inniföldum gjöldum, sköttum og þjónustugjaldi) á öðru vefsvæði á íslensku, innan sólarhrings frá því að þú gekkst frá bókun á vefsíðu Travellink, mun Travellink afhenda þér afsláttarmiða að upphæð verðmismunarins sem þú getur nýtt fyrir næstu kaup þín hjá fyrirtækinu.

1 Skilyrði sem þarf að uppfylla til að fá afsláttarmiðann

Til að fá afsláttarmiðann þarf hitt flugtilboðið að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Sami greiðslumáti
- Sama markaðsdeild og flugrekandi
- Sömu flugvellir fyrir brottför/lendingu og tengistaði
- Sömu ferðadagsetningar og tími
- Sömu flugnúmer
- Sömu bókunarflokkar (t.d. fyrsta farrými, viðskiptafarrými, almennt farrými, úrvalssæti á almennu farrými (PremiumEco), lúxussæti á almennu farrými (Economy Plus)
- Sama samsetning og fjöldi farþega (t.d. fjöldi fullorðinna, barna eða ungbarna.)
- Sömu viðbótarskilyrði (töskur, sætisóskir)
- Hægt að bóka bæði fargjöldin á báðum vefsíðum
- Gildir ekki fyrir eftirfarandi flugfélög: Ryanair, Vueling, Easyjet, Transavia, Lufthansa

Ekki verður tekið mið af neinum aukakostnaði sem fellur til við bókun tryggingar þegar tilboðin eru borin saman.

2 Undanþágur

Þessi verðábyrgð gildir ekki fyrir flugferðir þar sem upplýsingar um markaðsdeild og flugrekanda koma ekki fram á vefsvæði þriðja aðilans.

Verðábyrgðin gildir ekki fyrir tilboð samkeppnisaðila sem hafa verið lækkuð í verði með sérstökum afsláttarmiðum eða afsláttum frá þriðja aðila. Auk þess nær verðábyrgðin ekki yfir bókanir sem gerðar eru símleiðis.

Ef hætt er við bókunina verður enginn afsláttarmiði gefinn út. Ef afþöntun er gerð eftir að afsláttarmiði hefur verið gefinn út fellur afsláttarmiðinn úr gildi.

3 Ábyrgðarskilmálar

Ef þú finnur hagstæðara miðaverð á vefsvæði annarrar ferðaskrifstofu á netinu (OTA) sem uppfyllir öll framangreind skilyrði þarftu að senda tölvupóst sem inniheldur eftirfarandi upplýsingar á privatrejser@travellink.dk innan sólarhrings frá bókuninni (ákvarðast af viðtökudegi staðfestingarpóstsins), til að fá afsláttarmiða.

- Efni tölvupóstsins: „Umsókn um útgáfu afsláttarmiða og flugbókunarnúmer“ (t.d. Y2MQBP)
- Afrit af staðfestingartölvupóstinum sem þú fékkst þegar þú bókaðir miðann á www.travellink.is.
- Skjaskot af vefsvæðinu með tilboði samkeppnisaðilans sem sýnir sama flug í boði á lægra verði (með öllum sköttum og gjöldum inniföldum). Athugið: Skjaskotið verður að vera af lokaskrefi bókunarinnar (áður en bókun er fullkláruð)

ATHUGIÐ: Ekki er hægt að sækja um afsláttarmiða símleiðis. Ekki verður unnið úr umsóknum sem eru ófullgerðar. Engar umsóknir sem eru frábrugðnar dæminu hér að ofan verða teknar til skoðunar. Travellink mun hvorki staðfesta umsóknir sem innihalda prentvillur eða hvers kyns aðrar villur né umsóknir sem þykja grunsamlegar

4 Kröfufjerli

Eftir að við höfum staðfest tilboð samkeppnisaðilans samkvæmt framangreindum skilyrðum munum við hefja kröfufjerlið.

Með þeim fyrirvara að framangreind skilyrði séu uppfyllt og eftir að við höfum fengið miðaverðið greitt að fullu færðu sendan afsláttarmiða frá Travellink sem gildir fyrir önnur kaup á www.travellink.is, að upphæð sem nemur mismuninum á verði Travellink og lægra verðtilboðinu. Þetta ferli gæti tekið allt að 30 virka daga.